

Stjórnarfundur STÍ nr. 22 13.maí.2024

Stjórnarfundur STÍ haldin á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Guðmundur Kr. Gíslason

Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur Kr. Gíslason, Ómar Örn Jónsson og Sigurður I. Jónsson

Fundardagsskrá:

1. Skotþing

Rætt um undirbúning þings. Ársreikningar tilbúnir. Skipa í nefndir til næsta árs. Önnur verkefni.

2. Millipinganefnd um íþróttamiðstöð skotíþróttá á höfuðborgarsvæðinu.

Á síðasta Skotþingi var ákveðið að stofna millipinganefnd um þetta málefni. Sigurður stingur uppá Þóri Ingvarssyni úr SFK í nefndina. Hann leggur áherslu á að nefndarmenn séu óháðir stjórnnum félaga. Kristinn Tryggvi Gunnarsson, formaður SÍH gefur líka kost á sér í hana. Formaður leggur til að Skotfélagi Reykjavíkur sé falið að tilnefna þriðja aðilann í þessa nefnd.

3. Tilnefning í starfshóp um íþróttamiðstöð skotíþróttá á höfuðborgarsvæðinu.

STÍ barst erindi frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) með beiðni um að tilnefna einn fulltrúa og einn til vara í starfshóp. Í hópnum verði 5 aðilar sem skipaðir verði af sveitarfélögunum, einn frá STÍ og einn frá SKOTVÍS. Staðarval sem koma til álita eru Mosfellsbær, Hafnarfjarðarbær, sveitarfélagið Vogar og sveitarfélagið Ölfus. Hópurinn mun halda fyrsta fund sinn í vikunni 27. – 31.maí. Stjórn STÍ þarf að taka ákvörðun og tilnefna fulltrúa sína í síðasta lagi í næstu viku.

4. Bench Rest mál.

Umræðum frestað þar sem formaður BR nefndar sat ekki fundinn.

5. Norðurlandamót

Athugað verði að finna lausn á æfingaaðstöðu fyrir ungling sem er með keppnisrétt á mótinu en er við störf erlendis. Halldór og Sigurður fara í málið. Stefnt að þátttöku í Skeet fullorðinna, 2 í karlaflokki og 2 í kvennaflokki. Í unglingsaflokki aðeins einn keppandi í loftskammbyssu drengja.

Fundi slitið 13:10